

Nd. 159. Frumvarp til laga

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsþúa, og auk þess 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Laun hreppsnefndaroddvita eru ákveðin í sveitarstjórnarlögunum, er sett voru fyrir 14 árum. Eru þau 5 krónur fyrir hvern fullan tug hreppsþúa. Síðan lög þessi voru sett, hafa störf oddvitanna aukizt mjög mikið, m. a. í sambandi við löggjöf frá Alþingi. Er nú svo komið, að flestir þeir menn, sem kosnir eru til þessa trúnaðarstarfs, hafa af því mikið fjárhagslegt tjón, þar sem margir þeirra eyða löngum tíma til starfsins, en þóknunin fyrir það mjög lítil. Er því fyllsta ástæða til þess að ráða á þessu nokkra bót, og hefði raunar átt að gerast fyrr.

Samkvæmt frumvarpi þessu er til þess ætlazt, að hin fastákveðna þóknun til oddvitanna verði hækkuð um helming, en auk þess lagt til, að þeir fái tvo af hundraði af greiddum útsvörum í innheimtulaun.